

72 sem Danir hjeldu því föstu í einu hljóði, að þeir gætu með engu móti gengið að 26. júní. því að hafa sameiginlegan konung, nema stjórn utanríkismála og hervarnarr væru einnig sameiginlegt mál, þá ljetu hinir íslensku nefndarmenn, að einum undanteknum, niður falla þá kröfu, að þessi mál yrði uppsegjanleg, og urðu menn þá ásáttir um, að orða greinina eins og gert er hjer að framan.

Í stjórnarráði Íslands, 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

73

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar árið 1907.

Tekjur.

1. Sjóður frá f. á.:			
a. Í veðskuldabréfum	kr.	1000 00	
b. Í sparissjóðsdeild Íslandsbanka á Akureyri	—	2086 44	
	kr.	3086 44	
Frádregst skuld við reikningshaldara	—	51 16	
			kr. 3035 28
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	40 00	
b. Af innstæðu í sparissjóði	—	41 72	
			— 81 72
3. Til jafnaðar gjaldalið 2	—	51 16	
4. Til jafnaðar gjaldalið 4	—	200 36	
	kr.	3368 52	

Gjöld.

73

1. Styrkur veittur tveimur bændum í Vallahreppi	kr.	113 00
2. Greidd skuld við reikningshaldara	—	51 16
3. Burðargjald til Akureyrar	—	0 36
4. Teknar úr sparisjóði	—	200 36
5. Í sjóði 31. desember 1907:		
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	1000 00
b. Í sparisjóðsdeild Íslandsbanka á Akureyri	—	1927 80
c. Hjá reikningshaldara	—	75 84
		<hr/>
	—	3003 64
	kr.	3368 52

Athugasemd. Vextir í sparisjóði frá 1. júlí til 31. desember 1907 eru eigi tilfærðir í reikningnum. Sjóðurinn er því við árslok c. 40 krónum auðgri.

Skrifstofa Suður-múlasýslu. Eskifirði, 6. maí 1908.

A. Tulinius.

Embættaskipun m. m.

15. júní skipaði ráðherrann settan landsbókavörð Jón Jakobsson, r. af dbr., til þess að vera landsbókavörð frá 1. næstkomandi júlímánaðar að telja.

17. s. m. skipaði ráðherrann sagnfræðing cand. phil. Jón Jónsson fyrri aðstoðarbókavörð við Landsbókasafnið frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann kennara við gagnfræða- og alþýðuskólann í Flensborg síra Magnús Helgason til þess að vera kennari við kennaraskólann í Reykjavík og jafnframt skólastjóri frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann dr. phil. Björn Bjarnason til þess að vera 2. kennari við kennaraskólann frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann mag. sc. Ólaf Daníelsson til þess að vera 3. kennari við kennaraskólann frá 1. næstkomandi októbermánaðar að telja.

20. s. m. skipaði ráðherrann cand. phil. Matthías Þórðarson til þess að vera fornmenjavörður og jafnframt umsjónarmaður með Forngripasafninu frá 1. júlí næstkomandi að telja.

27. s. m. var cand. juris Einar Arnórsson settur til þess fyrst um sinn frá 1. júlí næstkomandi að gegna 2. kennaraembættinu við lagaskólann.